

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar vegna landbúnaðarsvæðis á Klif.

Skipulagsstofnun staðfesti 18. júlí 2023 breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 sem samþykkt var í sveitarstjórn 3. maí 2023.

Í breytingunni felst að tvær frístundalóðir á Klif, innan frístundabyggðar F49 í landi Spóastaða, eru skilgreindar sem landbúnaðarsvæði. Einnig er breytt ákvæðum um landspildur á landbúnaðarsvæði þannig að þær verði að jafnaði 3 ha eða stærri í stað að lágmarki 3 ha.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 18. júlí 2023.

F.h. forstjóra,

Guðrún Lára Sveinsdóttir.

B-deild – Útgáfudagur: 1. ágúst 2023